

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Siglufjarðarkaupstað.**

Fasteignaskatt í Siglufjarðarkaupstað skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. marz 1966.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 251 31. des. 1965, um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.**

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrsta málsgr. 10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins, skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar 2% af fasteignamatsverði, en þó er lágmarksupphæð skattsins kr. 500.00 af hverri íbúð.

Greinin óbreytt að öðru leyti.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. marz 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.